



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
Í ReykjavíkurAkademíunni
27. nóvember 2003**

Ágætu fræðimenn,
Forystumenn Eflingar
Góðir gestir

Það er mér mikil ánægja að vera viðstaddur hér í dag þegar Efling – stéttarfélag afhendir ReykjavíkurAkademíunni sögufrægt bókasafn Verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar til varðveislu og afnota.

Safnið á sér merka sögu, djúpar rætur. Upphafið var að Guðrún Pálsdóttir, ekkja Héðins Valdimarssonar, gaf Dagsbrún gott safn bóka sem ættað var frá foreldrum Héðins, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur baráttukonu fyrir réttindum kvenna og Valdimar Ásmundssyni sem meðal annars gaf út safn íslenskra fornrita snemma á síðustu öld, einkum ætlað íslenski alþýðu, fyrsta almenningssútgáfa þessa þjóðararfs og öndvegisverka.

Guðrún afhenti Dagsbrún safnið árið 1956 en síðan hafa einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir lagt því lið með góðum gjöfum og keyptar hafa verið bækur og tímarit svo að safnið telur nú um 17 000 rit.

Verkalýðsfélögin áttu á nýliðinni öld veigamikinn þátt í mótun íslensks nútímasamfélags, knúðu á um margvísleg réttindi launafólks sem okkur þykja nú sjálfsgöð, skilgreindu gildi samstöðu og samhjálpur sem nú þykir eðlilegt að skipa í öndvegi og treystu stöðu einstaklinga og félagasamtaka gagnvart fyrirtækjum og stjórnvöldum.

Forvitnilegt er að lesa í nýrri bók Gylfa Gröndal, Fólki í fjötrum, um erfiða baráttu, kúgun og sára fátækt, vonbrigðin þegar fyrstu skrefin á frumbýlingsárum verkalýðsbaráttunnar reyndust árangurslaus. Stofnun Alþýðusambandsins og stéttarfélaganna um landið allt hefur á langri leið vissulega skilað ríkulegum árangri, fært okkur samfélag sem nú er víða í veröldinni talið til fyrirmyndar.

Órofa tengt þessu stríði var barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir jöfnum rétti allra til menntunar og menningarlífs, óháð tekjum og eignum. Til vitnis um þann sterka streng í starfi hreyfingarinnar eru merkar stofnanir á borð við Menningar- og fræðslusamband alþýðu og bókaútgáfa þess, Listasafn ASÍ og sýningar á þess vegum, líka lestrarfélög og fræðsluhópar, námskeið og markvisst kynningarstarf.

Mér eru minnisstæðir margir fundir sem ég sat í húsakynnum Dagsbrúnarmanna á Lindargötunni þar sem þeir voru í öndvegi Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson, lögðu skynsamlega línur í baráttunni, ræddu verkföll og kjarabætur, löggjöf um aukinn rétt og umbætur á mörgum sviðum, veggirnir þaktir bókunum sem hér voru afhentar, þær gáfu tóninn og báru vitni um arf og sögu, sýndu djúpar rætur verkalýðsbaráttunnar í menningu þjóðarinnar. Þessar stundir eru mér kærar í minningunni, hafa fylgt mér drjúga leið, verið veganesti sem gaf styrk á örlagastundum. Og því rétt að minnast hér í dag Guðmundar, Eðvarðs og Héðins og reyndar allra þeirra sem nú eru látnir og gerðu Dagsbrún að sterku afli og einnig þakka félögum þeirra sem hér eru í dag.

Bókasafn Dagsbrúnar var og er glæsilegur vitnisburður um sterkan vilja til að fræða og mennta, fjölbreytt val endurspeglar áhuga þeirra sem safninu stýrðu, á einum stað öndvegisrit um félagsmál, stjórnmalalíf verkalýðssögu, litríka hugmyndasögu sem einkenndi mótunarár hins íslenska velferðarríkis. Safnið getur því í framtíðinni orðið notadrjúgt námsmönnum og fræðimönnum sem stunda rannsóknir á mörgum þáttum í þjóðarsögu, varpa ljósi á umbreytingar í atvinnulífi og lýsa vegferð okkar frá fátækt til hagsældar.

Það má rifja það upp til að sýna breytingarnar að þegar ég var að vinna við rannsóknir mínar á íslensku stjórnkerfi og safna efni til doktorsritgerðar fyrir rúmum þrjátíu árum og hóf svo kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskólann árið 1970 var því miður fátt að sækja til sagnfræðinnar til að öðlast skilning og fræðslu um þróun íslensks þjóðfélags, stjórn mála, atvinnulífs, menningar og félagsgerðar frá upphafi nítjándu aldar til samtímans. Blöð og tímarit, Alþingistíðindi og fáein yfirlitsrit um Alþingi og Stjórnarráðið voru það helsta sem í boði var. Ég varð að verja rúmu ári til að lesa mig í gegnum frumheimildir, einfaldlega til að öðlast yfirlit yfir þjóðarsöguna á þessum tíma, frá endurreisn Alþingis til okkar daga.

Það lýsir vel framþróuninni sem orðið hefur í íslenskri sagnfræði á nýliðnum áratugum að ungur námsmaður sem ætlaði sér að kanna ákveðna kafla í þjóðarsögu síðustu tveggja alda og varpa ljósi á höfuðeinkenni í nútímavæðingu Íslendinga á þess nú kost að leita í smiðju fjölmargra sagnfræðinga sem helgað hafa sig rannsóknum á hinum

miklu umbrotum sem einkennt hafa sögu þjóðarinnar frá árdögum sjálfstæðisbaráttunnar til alþjóðavæðingar á okkar tímum. Við fögnum nú á hverju ári nýjum ritverkum, bókum og ritgerðum, greinum og erindum sem veita okkur nýja sýn á okkur sjálf, breytingar, gerjun og átök sem skapað hafa Íslendingum örlög á nýliðnum öldum.

Rannsóknir á sögu nítjándu og tuttugustu aldar eru orðnar ríkur þáttur í viðfangsefnum íslenskra sagnfræðinga, ritverk eru helguð afmörkuðum þáttum, sögu einstakra atvinnugreina eða byggðarlaga, og ævisögur merkra manna hafa líka tekið stakkaskiptum. Sá lofsöngur um æviverkið sem áður var aðal slíkra verka hefur vikið fyrir markvissri skoðun þar sem mistök, breyskleiki, ósigrar og áföll fá þann sess í túlkun sem nauðsynlegt er svo hægt sé að veita raunsanna heildarmynd.

Sagnfræðingar eiga vissulega kost á fjölbreyttum viðfangsefnum á komandi árum og víða er brýn þörf á ítarlegum rannsóknum og greiningu. Við þurfum viðamiklar kannanir á þróun stjórnmalaflokkanna í landinu, ítökum þeirra og áhrifum á atvinnulíf, fjármálastofnanir, dómstóla og stjórnsýslu. Okkur skortir tilfinnanlega rannsóknir á helstu fyrirtækjum landsins, uppruna þeirra, vexti, umsvifum á landsvísu og heima í héruðum, samspili auðs og valda í stjórnkerfi Íslands. Við þurfum að fá efnisrík verk um hreyfingar fólksins, þátt stéttarféлага í mótun þjóðlífs og víðtækri löggjöf, framlag þeirra til hagþróunar og stöðugleikans sem þykir aðal góðrar hagstjórnar. Þar getur þetta merka safn komið að góðum notum og víst er að margar örlagaríkar ákvarðanir voru teknar í herbergjum þar sem þessi rit horfðu á úr hillum.

Það er skemmtilega táknrænt fyrir farsæla samför menntamanna og verkalýðshreyfingar á langri leið að Efling skuli nú afhenda þetta góða safn sjálfstæðu samfélagi fræðimanna og rithöfunda sem vakið hefur athygli fyrir frumlegt og þróttmikið starf á þeim skamma tíma sem það hefur starfað.

ReykjavíkurAkademían hefur reynst brýn viðbót við mennta- og rannsóknarstofnanir okkar Íslendinga, frjór og vakandi vettvangur fræða og menningarstarfs, samfélag sem rúmar allar kynslóðir og öll sjónarmið eins og sannri akademíu sæmir. Hér starfa í bróðerni reynsluríkir fræðimenn við hlið ungra vísindamanna, hér vinna sagnfræðingar, félagsvísindamenn og bókmenntafræðingar við hlið rithöfunda og ljóðskálda; flestar hliðar mannvísinda eiga fulltrúa í vaskri sveit um 80 einstaklinga sem hér gengur til verka. ReykjavíkurAkademían hefur einnig sýnt frumkvæði að forvitnilegum málstofum og ráðstefnum á ýmsum sviðum sem vakið hafa athygli, og oft verið þörf áminning um nýja hugsun, ögrun við vanaviðhorf og hagsmunaitök.

Það er lítilli þjóð lífsnauðsyn að eiga þróttmikinn fræðavettvang, metnaðarfulla og sjálfstæða fræðimenn sem leita markvisst eftir samstarfi við menntastofnanir um veröld víða, njóta lifandi samskipta við erlenda háskóla, vísindamenn og rannsóknarsetur.

Á nýliðnum árum hef ég heimsótt allmarga háskóla og rannsóknarstofnanir beggja vegna Atlantshafsins, allt frá háskólanum í Roveniemi norður í Lapplandi og háskólunum í Pétursborg og Hólmgarði til virtra menntastofnana vestur í Bandaríkjunum, Columbia, Harvard, Brown, Dartmouth, nú síðast Emory í Atlanta svo að nokkrir séu nefndir. Hvarvetna hef ég skynjað mikinn velvilja í garð okkar Íslendinga, virðingu fyrir íslenskum vísindamönnum og áhuga á því að treysta samskipti við íslenskan fræðavöll. Hér getur ReykjavíkurAkademían komið að góðu liði og orðið öflugur þátttakandi af Íslands hálfu í alþjóðlegri samræðu fræðimanna, samstarfi sem skilað getur okkur traustri þekkingu og nýrri sýn.

Með þessum óskum þakka ég félagsmönnum og stjórnarmönnum í Eflingu fyrir traustið sem þeir sýna ReykjavíkurAkademíunni þegar þeir fela henni Bókasafn Dagsbrúnar til varðveislu. Það sýnir að enn eru í forystu á vettvangi launafólks hugumstórir menn sem hafa djörfung til að fara nýjar leiðir. Ég er sannfærður um að þessi ákvörðun mun hvetja til rannsókna á verkalyðsbaráttu og atvinnulífi, félagsmálum og velferðarþróun. Vonandi mun sá andi sem þessum ritum fylgdi í fundarherbergjum Dagsbrúnar gefa ReykjavíkurAkademíunni aukið þrek til að ganga á hólmi við úrelt viðhorf, boða okkur nýja hugsun. Við þurfum svo sannarlega á því halda.